

**Fundargerð aðalfundar 2015**

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2015 var haldinn í Katrínartúni 2 í Reykjavík, 12. maí 2015 kl. 14:00. Mættir voru fulltrúar 9 hluthafa sem eiga 85.69% hlutfjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hdl., fundarstjóra og Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.

Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
  - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Pálína Magnúsdóttir (kt. 1511637269) stjórnarmaður
  - Halldóra Jónsdóttir (kt. 271055-2779), varamaður í stjórn.
  - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Hagnaður af rekstri ársins 2014 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2015 til aðalfundar 2016 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.

Hólmkell Hreinsson Amtbókasafni Akureyri þakkar stjórn og starfsfólki fyrir vel unnin störf og góðan rekstur.

Anna Sigríður Bókasafni Hafnarfjarðar, þakkar fyrir frábæra þjónustu og kveður þar sem hún er að hætta.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 14:50

  
Erla S. Árnadóttir

  
Heiðrún Dóra Eyvindardóttir